

07.03.2024 - Byggðarráð Húnabyggðar

56. fundur

07. mars 2024 kl. 15:00 - 17:17

í fundarsal að Hnjúkabyggð 33

Nefndarmenn

Auðunn Steinn Sigurðsson formaður

Ragnildur Haraldsdóttir aðalmaður

Zophonías Ari Lárusson aðalmaður

Jón Gíslason áheyrnarfulltrúi

Sverrir Þór Sverrisson áheyrnarfulltrúi

Starfsmenn

Pétur Arason sveitarstjóri

Atli Einarsson ritari

Fundargerð ritaði: Atli Einarsson fundarritari

Dagskrá

Við upphaf fundar óskaði Auðunn Steinn Sigurðsson, formaður eftir því að einu máli verði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

1. Snjómokstur og viðhald götu í Brautarhvammi

2402003

Minnisblað frá Byggingafulltrúa.

Zophonías Ari Lárusson vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar.

Byggðarráð samþykkir að breyta skipulagi í Brautarhvammi þannig að götur svæðisins falli undir gatnakerfi sveitarfélagsins. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að breyta lóðaskipulagi í samræmi við þessa ákvörðun og tilkynna breytt fyrirkomulag til þeirra er málið varðar.

2. Snjómokstur

2402010

Minnisblöð vegna snjómoksturs

Zophonías Ari Lárusson vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar.

Byggðarráð samþykkir að breyta skipulagi við Skúlabraut þannig að gata við Skúlabraut 1-9 falli undir gatnakerfi sveitarfélagsins. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að breyta lóðaskipulagi í samræmi við þessa ákvörðun og tilkynna breytt fyrirkomulag til þeirra er málið varðar.

3. Félagsheimili sveitarfélagsins

2210029

Verðmöt á félagsheimilum

Lagt fram til kynningar.

4. Uppgjör málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra 2023

2403005

Uppgjör málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra 2023

Lagt fram til kynningar

5. Samningur við Attentus

2403006

Samningur við Attentus - eineltisstefna

Byggðarráð samþykkir viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldis og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum við verktaka þessa samkomulags og kynna nýtt verklag fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins.

6. Dreifnám FNV

2310014

Drög að erindisbréfi starfshóps um endirskoðun á dreifnámi og skipun fulltrúa

Byggðaráð samþykkir drög að erindisbréfi fyrir starfshóp um endurskoðun á dreifnámi á Hvammstanga og Blönduósi og skipar Auðun Stein Sigurðsson sem fulltrúa Húnabyggðar í starfshópinn.

7. Rarik - Strenglögn í Refasveit

2403003

Strengjalögn í Refasveit

Byggðaráð hafnar beiðni Rarik um strenglögn í landi sveitarfélagsins við Enni þar sem fyrirhuguð lagnaleið fer um vatnsverndarsvæði og framtíðar skógræktar- og útivistarsvæði Húnabyggðar. Byggðaráð óskar eftir því að önnur leið verði skilgreind t.d. meðfram nýjum Þverárfjallsvegi. Jafnframt óskar byggðaráð eftir því að fá teikningu af legu strengsins yfir allt landssvæði sem tilheyrir Enni.

8. Rarik - Lagning jarðstrengja í landi Húnavalla

2403004

Lagning jarðstrengja í landi Húnavalla

Byggðarráð samþykkir beiðni um strenglögn um land Húnavalla fyrir sitt leiti, en lega strengsins sunnan Reykjabrautar tilheyrir landi Reykja.

9. Umsókn

2403008

Umsókn með nafnið „Hringrás í heimabyggð“

Lagt fram til kynningar.

10. Húnabyggð - Björninn heim

2312006

Svar hefur borist frá Náttúrufræðistofnun

Byggðarráð fagnar ákvörðun Náttúrufræðistofnunnar um að ísbjörninn Snædís Karen fái að koma aftur heim og bindur vonir við að af þessu geti orðið sem fyrst.

11. Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda

2403013

Byggðaráð samþykkir framlagðar reglur um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda af byggingum par- eða raðhúsa á lóðum við Flúðabakka við þegar tilbúna götu við Flúðabakka. Niðurfellingin gildi til desember 2024.

12. Samningur við Flúðabakka ehf.

2403007

Samningur við Flúðabakka ehf. vegna byggingar á allt að níu íbúðum við Flúðabakka fyrir fólk 60 ára og eldri.

Byggðaráð samþykkir framlagðan samning við Flúðabakka ehf. og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að vinna málið áfram þannig að framkvæmdir geti hafst sem fyrst.

13. Byggðakvóti

2301003

Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

Byggðarráð samþykkir uppfærðar sérreglur Húnabyggðar um úthlutun byggðarkvóta.

14. Lýðveldið Ísland 80 ára

2403009

Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli Lýðveldisins 2024

Lagt fram til kynningar.

15. Húnabyggð - Staða verkefna

2308017

Framkvæmdaáætlun - staða verkefna

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni sem eru í gangi en undirbúningur framkvæmda við Íþróttamiðstöð, Skjólins og nýs stjórnarsýsluhúss eru í undirbúningi og framkvæmdir sumra þeirra þegar hafnar.

16. Fundargerð 461. fundar stjórnar

2403012

Fundargerð 461. fundar stjórnar Hafnasamband Íslands

Lagt fram til kynningar.

17. Fundargerð 943. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

2403011

Fundargerð 943. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

18. Fundargerðir 46. og 47. fundar fagráðs Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands

2403010

Fundargerðir 46. og 47. fundar fagráðs

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið - kl. 17:17.